

## 5. gr.

Fyrir hæfnisvottorð til fiskiskipa samkv. 1. mgr. 1. gr. skal greiða eins og hér segir:

|   |                             |              |
|---|-----------------------------|--------------|
| 1. Fiskiskip 1–12   | brúttórúml. ....            | kr. 1 000,00 |
| 2. Fiskiskip 13–20  | brúttórúml. ....            | kr. 1 200,00 |
| 3. Fiskiskip 21–50  | brúttórúml. ....            | kr. 1 500,00 |
| 4. Fiskiskip 51–110   | brúttórúml. ....            | kr. 2 000,00 |
| 5. Fiskiskip 111–200  | brúttórúml. ....            | kr. 3 000,00 |
| 6. Fiskiskip 201–500  | brúttórúml. ....            | kr. 4 500,00 |
| 7. Fiskiskip 501–800  | brúttórúml. ....            | kr. 6 000,00 |
| 8. Fiskiskip 801  | brúttórúml. og stærri ..... | kr. 7 000,00 |
| 9. Bráðabirgðahæfnisvottorð, hámarksgildistími 2 mán. Gjaldið skal nema 50% af hverjum gjaldflokki. |                             |              |

Matsmaður sem gefur út hæfnisvottorð samkvæmt þessari grein skal innheimta gjaldið gegn afhendingu vottorðsins.

## 6. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru lögð á og innheimt samkvæmt heimild í 26. gr. laga nr. 53 30. maí 1984 til að öðlast gildi 10. janúar 1986.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 101 11. febrúar 1985 svo og reglugerð nr. 360 6. september 1985 um breytingu á þeirri reglugerð.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. janúar 1986.*

F.h.r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Ingimar Einarsson.*

**AUGLÝSING**

**um umferð á Akureyri.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að bifreiðastöður skuli bannaðar við norðurbrún Gránufélagsgötu á 10 metra kafla vestan Geislagötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Lögreglustjórinn á Akureyri, 2. janúar 1986.*

**Eliás I. Eliasson.**

**AUGLÝSING**

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið.

1. Jaðarsel verður aðalbraut, þó þannig að umferð um það víki fyrir umferð um Breiðholtiðsbraut og Holtasel.

2. Umferð um Álftamýri, Starmýri og húsagötur Safamýrar víki fyrir umferð um Safamýri.
  3. Biðskylda verður á Grettisgötu gagnvart umferð um Klapparstíg.
  4. Biðskylda verður á Mímisvegi gagnvart umferð um Eiríkisgötu.
  5. Stöðvunarskylda verður á tengingu Selásbrautar við Suðurlandsveg gagnvart umferð um Suourianúsveg.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 15. janúar 1986.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. janúar 1986.*

**Böðvar Bragason.**

## AUGLÝSING

**um umferð í Garðakaupstað.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Garðakaupstaðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Garðakaupstað:

1. Umferð um **Hnoðraholtbraut** vestan Reykjanesbrautar nýtur forgangs fyrir umferð úr eftirtöldum götum, sem tengjast henni (Hnoðraholtbraut biðskylda: Iðnbúð, Smiðsbúð, Ásbúð, Gilsbúð og Bæjargili.
  2. Umferð um **Ásgarð** nýtur forgangs fyrir umferð úr götum frá Bitabæ, biðskylda.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 15. janúar 1986.

*Lögreglustjórinn í Garðakaupstað, 7. janúar 1986.*

**Einar Ingimundarson.**

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki.**

1. gr.

Við 21. gr. staflíð a) bætist eftirfarandi setning:  
Frá og með desember 1985, skulu lánsviðmiðanir sjóðsins í íslenskum krónum vera jafnháar og á tímabilinu september/nóvember 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 3. janúar 1986.*

**Sverrir Hermannsson.**

*Árni Gunnarsson.*